

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 23/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB frá 15. apríl 1994 um fyrstu aðlögun að tækni framförum á tilskipun ráðsins 90/220/EBE um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/211/EB frá 15. apríl 1994 um breytingu á ákvörðun ráðsins 91/596/EBE varðandi snið samantektarskýrslu um tilkynningu sem um getur í 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/220/EBE⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 25. lið (tilskipun ráðsins 90/220/EBE) í XX. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„ , eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbæturinn nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 105, 26. 4. 1994, bls. 26.

- 394 L 0015: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB frá 15. apríl 1994 (Stjtið. EB nr. L 103, 22. 4. 1994, bls. 20).“.

2. gr.

Eftirfarandi bætist við 25. lið a (ákvörðun ráðsins 91/596/EBE) á undan aðlögunarliðunum:

„ , eins og henni breytt með:

- 394 D 0211: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/211/EB frá 15. apríl 1994 (Stjtið. EB nr. L 105, 26. 4. 1994, bls. 26).“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/15/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/211/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker